

Fundargerð

312. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 23. september 2021 kl. 8³⁰–10¹⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Gunnlaug Einarsdóttir (GE) ÚS
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Veifarærasamningur.

Umhverfisstofnun hefur skilað umsögn um drög að veifarærasamningi, dags. 17. ágúst sl. SFS hefur gert skriflegar athugasemdir við umsögnina, dags. 9. september. UST hefur nú sent viðbótarumsögn um samningsdrögin, dags. 21. september sem lögð var fram á fundinum. Stjórn ræddi samningsdrögin með hliðsjón af framkomnum athugasemdum. LHG óskar eftir umboði stjórnartil að ræða málið við UAR. Stjórnarmenn ræddu stöðuna.

Stjórn samþykkir að LHG og ÓK ræði málið við UAR.

Lögð var fram á fundinum beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að Úrvinnslusjóður kanni hvort nauðsynlegt sé að ráðast í endurskoðun tollnúmera fyrir veifaræri sem innihalda plast.

3. Verkefni.

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi um hringrásarhagkerfið. Gunnlaug Einarsdóttir (GE) starfsmaður Úrvinnslusjóðs mætti á fundinn. ÓK fór yfir vinnu við að rýna ný lagaákvæði og hvernig sú vinna muni tengjast t.d. Skattinum. GE hefur tekið saman yfirlit, sem hún fór yfir á fundinum, yfir helstu breytingar og atriði sem stjórn og starfsmenn Úrvinnslusjóðs þurfa að taka til umfjöllunar í kjölfar breytinga á lögum í vor (hringrásarhagkerfi) og stefnumótun ráðherra í úrgangsmálum.

Stjórnarmenn ræddu verkefnið framundan og hvernig þeim verði mætt. Ljóst er að huga þarf að fjölmörgum nýjum þáttum um t.d. hvernig endurgjald er ákvarðað fyrir meðhöndlun úrgangs, m.a. út frá kolefnisspori. Farið var yfir að gera þarf ítarlegri kröfur um upplýsingar frá ráðstöfunaraðilum um meðhöndlun á úrgangi sem til þeirra berst frá þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs. Upplýst var að Skatturinn (Tollurinn) væri að innleiða nýtt tölvukerfi sem mun bjóða upp á meiri möguleika við innheimtu gjalda. GE fór yfir álagningu á nýja vöruflokka, gler-, málm- og viðarumbúðir og ökutæki með drifrafhlöðum o.fl. Farið var yfir vinnu Úrvinnslusjóðs með bílaumboðum og umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna ökutækja með drifrafhlöðum sem og vinnu með Skattinum og NIRA vegna umbúðanna. ÓK falið að kanna hvað líði stofnun samráðshóps um innleiðingu hringrásarlöggjafarinnar sem boðað var að settur yrði á fót eftir samþykkt laganna.

4. Haustið.

Stjórn hefur rætt um tímasetningu á ársfundi auk þess sem á sínum tíma var rætt um heimsóknir stjórnarmanna til þjónustuaðila.

Lögð var fram tillaga á fundinum um að halda ársfund um miðjan nóvember.

Ákveðið var að halda ársfund um miðjan nóvember.

5. Merki.

Í tengslum við stefnumótun sjóðsins komu fram hugmyndir frá starfsmönnum um nýtt merki fyrir Úrvinnslusjóð. Tillaga að nýju merki var lagt fram á fundinum.

Stjórn samþykkir að taka upp nýtt merki.

6. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 7. október 2021 kl. 8:30, á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Fundi slítið kl. 10:10



Eggundur Magnússon



Helga Þorunnarsdóttir



Bjarni S. Bjarnsson
Vánu Ólaf
Bryndis Gunnlaugsd.